# Miðvikudagur 6. desember

## SJÓNVARPIÐ

17.00 **Fræðsluvarp.** 1. Bakþankar – Lokaþáttur – Bakið, æfingarnar mínar (14 mín.). 2. Frönskukennsla fyrir byrjendur (10). – Entrée Libre (15 mín.).
17.50 **Töfraglugginn.** Umsjón Árný Jóhannsdóttir.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Yngismær (38).** (Sinha Moa). Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.20 **Poppkorn.** Meðal efnis verður glænýtt myndband með Sykurmolunum. Umsjón Stefán Hilmarsson. Dagskrárgerð Sigurður Jónasson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.40 **Á sælkeraslóðum.** Með Sigmari B. Haukssyni í París. Dagskrárgerð Sveinn H. Sveinsson.
21.05 **Hljómsveitin bregður á leik.** Fílharmónían í Osló slettir úr klaufunum í léttu gríni á Hoffnung hljómleikum. (Nordvision – Norska sjónvarpið).
21.35 **Kommmissarinn** (The Commissar). Sovésk bíómynd frá árinu 1967. Leikstjóri Alexander Askoldov. Aðalhlutverk Nonna Mordjúkova og Rolan Bykov. Myndin fjallar um sérkennilegan árekstur ólíkra lífsviðhorfa í sovésku byltingunni. Það var ekki fyrr en árið 1988 sem myndin fékk sýningarvottorð í Sovétríkjunum og vekur nú hvarvetna mikla athygli. Þýðandi Árni Bergmann.
23.00 **Ellefufréttir.**
23.10 **Kommissarinn, framhald.**
23.35 **Dagskrárlok.**



## STÖÐ 2

15.45 **Dáð og draumar.** Loneliest Runner. Myndin er byggð á ævi leikarans Michaels Landon og segir frá unglingsdreng sem á í erfiðleikum vegna þess að hann vætir rúmið. Aðalhlutverk: Lance Kerwin, Michael Landon, Brian Keith og DeAnn Mears.
17.00 **Santa Barbara.**
17.45 **Jólasveinasaga.** Börnunum í Tontaskógi finnst ákaflega gaman að sitja saman og hlusta á fallegar sögur.
18.10 **Júlli og töfraljósið.**
18.30 **Í sviðsljósinu.** After Hours
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttaumfjöllun, íþróttir og veður ásamt fréttatengdum innskotum.
20.30 **Opin lína.** Síminn er 673888. Hefur þú skoðað dagskrána okkar um hátíðarnar? Þetta er þitt tækifæri til þess að koma þínum skoðunum á dagskránni á framfæri. Umsjón: Jón Óttar Ragnarsson.
21.05 **Framtíðarsýn.** Beyond 2000.
22.00 **Ógnir um óttubil.** Midnight Caller.
22.50 **Í ljósaskiptunum.** Twilight Zone.
23.15 **Barist í Brasilíu.** Land. Sögusvið myndarinnar er við Amazonfljót í Brasilíu þar sem mikill rígur ríkir á milli blásnauðra bænda, auðugra landeigenda og kirkjunnar. Aðalhlutverk: John Tery. Stranglega bönnuð börnum.
0.35 **Dagskrárlok.**

## Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Stefán Lárusson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið.** – Randver Þorláksson. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Ingólfur A. Þorkelsson skólameistari talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Jólaalmanak Útvarpsins 1989.** Frú Pigalopp og jólapósturinn eftir Björn Rönningen í þýðingu Guðna Kolbeinssonar. Margrét Ólafsdóttir flytur. (6) Umsjón: Gunnvör Braga. (Einnig útvarpað um kvöldið klukkan 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur. 9.30 Landpósturinn – Frá Norðurlandi. Umsjón: Karl E. Pálsson.
10.00 **Fréttir.**
10.03 **Neytendapunktar.** Hollráð til kaupenda vöru og þjónustu og baráttan við kerfið. Umsjón: Björn S. Lárusson. (Einnig útvarpað kl. 15.43.)
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Úr menningarsögunni** – Saga hjónabandsins, forsaga og fornöld. Umsjón: Þórunn Valdimarsdóttir.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Hrönn Geirlaugsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
11.53 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá miðvikudagsins í Útvarpinu.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Ingólfur A. Þorkelsson skólameistari flytur.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Dánarfregnir. Auglýsingar.
13.00 **Í dagsins önn** – Au pair stúlkur. Umsjón: Bergljót Baldursdóttir.
13.30 **Miðdegissagan:** Turninn útá heimsenda eftir William Heinesen. Þorgeir Þorgeirsson les þýðingu sína. (17)
14.00 **Fréttir.**
14.03 **Harmoníkuþáttur.** Umsjón: Högni Jónsson. (Endurtekinn aðfaranótt mánudags kl. 5.01.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Samantekt um tæknifrjóvgun.** Umsjón: Sigrún Stefánsdóttir. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.)
15.43 **Neytendapunktar.** Umsjón: Björn S. Lárusson. (Endurtekinn þáttur frá morgni.)
15.50 **Þingfréttir.**
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.**
16.08 **Á dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.** Meðal annars les Jakob S. Jónsson úr þýðingu sinni á framhaldssögunni Leifur, Narúa og Apúlúk eftir Jörn Riel. (7) Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist eftir Jean Sibelius.**
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpinu kl. 4.40.)
18.30 **Tónlist.** Auglýsingar. Dánarfregnir.
18.45 **Veðurfregnir.** Auglýsingar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Auglýsingar.**
19.32 **Kviksjá.** Þáttur um menningu og listir líðandi stundar.
20.00 **Jólaalmanak Útvarpsins 1989.** Frú Pigalopp og jólapósturinn eftir Björn Rönningen. (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Nútímatónlist.** Þorkell Sigurbjörnsson kynnir.
21.00 **Stiklað á stóru um hlutleysi,** hernám og hervernd. Áttundi þáttur endurtekinn frá mánudagsmorgni. Umsjón: Pétur Pétursson.
21.30 **Íslenskir einsöngvarar.** Eyvind Íslandi syngur íslensk og erlend lög; Ellen Gilberg leikur með á píanó.
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Sjómannslíf.** Fjórði þáttur af átta um sjómenn í íslensku samfélagi. Umsjón: Einar Kristjánsson. (Einnig útvarpað annan föstudag kl. 15.03.)
23.10 **Nátthrafnaþing.** Málin rædd og reifuð. Umsjón: Ævar Kjartansson og Ólína Þorvarðardóttir.
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Hrönn Geirlaugsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2
FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið** – Úr myrkrinu, inn í ljósið. Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum.
8.00 **Morgunfréttir.** – Bibba í málhreinsun. 9.03 Morgunsyrpa. Eva Ásrún Albertsdóttir og Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir. Neytendahorn kl. 10.03 og afmæliskveðjur kl. 10.30. Bibba í málhreinsun kl. 10.55. (Endurtekinn úr morgunútvarpi.) Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03 og gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni. (Frá Akureyri)
14.03 **Hvað er að gerast?** Lísa Pálsdóttir kynnir allt það helsta sem er að gerast í menningu, félagslífi og fjölmiðlum.
14.06 **Milli mála.** Árni Magnússon leikur nýju lögin. Stóra spurningin. Spurningakeppni vinnustaða, stjórnandi og dómari Dagur Gunnarsson kl. 15.03.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir, Sigurður Þór Salvarsson, Þorsteinn J. Vilhjálmsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum. – Gæludýrainnskot Jóhönnu Harðardóttur.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91-38 500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Íþróttarásin.** Fylgst með og sagðar fréttir af íþróttaviðburðum hér á landi og erlendis.
22.07 **Lísa var það,** heillin. Lísa Pálsdóttir fjallar um konur í tónlist. (Úrvali útvarpað aðfaranótt þriðjudags kl. 5.01.)
0.10 **Í háttinn.**
1.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

### NÆTURÚTVARP

1.00 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
2.00 **Fréttir.**
2.05 **Konungurinn.** Magnús Þór Jónsson fjallar um Elvis Presley og sögu hans. (Fyrsti þáttur af tíu endurtekinn frá sunnudegi á rás 2.)
3.00 **Á frívaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna. (Endurtekinn þáttur frá mánudegi á rás 1.)
4.00 **Fréttir.**
4.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi miðvikudagsins.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá deginum áður á rás 1.)
5.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
5.01 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Endurtekinn þáttur frá föstudegi á rás 1.)
6.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
6.01 **Á þjóðlegum nótum.** Þjóðlög og vísnasöngur frá öllum heimshornum.

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Morgunþáttur.** Færð og samgöngur í morgunsárið. Þitt álit og slegið á þráðinn. Morgunstund barnanna rétt fyrir 8. Umsjónarmaður: Sigursteinn Másson.
9.00 **Páll Þorsteinsson.** Tónlist og létt hjal við hlustendur. Jólauppskrift valin rétt fyrir hádegi.
12.00 **Hádegisfréttir.**
12.15 **Valdís Gunnarsdóttir.** Flóamarkaður. Tónlist, afmæliskveðjur og skemmtilegar uppákomur.
15.00 **Ágúst Héðinsson.** Íslenskir tónlistarmenn teknir tali. Ný tónlist. Kvöldfréttir kl. 18.00.
17.00 **Síðdegisútvarp Bylgjunnar.** Róleg tónlist á leiðinni heim.
19.00 **Hafþór Freyr Sigmundsson** í uppvaskinu. Mjúk tónlist.
20.00 **Haraldur Gíslason.** Allt það besta og meira til.
24.00 **Freymóður T. Sigurðsson** leiðir fólk inn í nóttina.
Fréttir eru á klukkutímafresti frá 8–18.

## STJARNAN
FM 102 & 104

7.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Líflegur morgunþáttur á Stjörnunni. Ungir Íslendingar í spjalli og leigubílaleikurinn á sínum stað kl. 7.30. Morgunþáttur fyrir ungt fólk.
11.00 **Snorri Sturluson.** Ný tónlist en þessi gömlu góðu heyrast líka. Hádegisverðarleikur Stjörnunnar og VIVA-STRÆTÓ kl. 11.30.
15.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson.** Mikið af nýrri tónlist. Þú vinnur þér alltaf inn eitthvað hjá Sigga. Síminn er 622939.
18.00 **Þátturinn ykkar.** Þetta er þátturinn ykkar. Þið hringið og segið ykkar álit á hverju sem er. Ótrúlegustu málefni tekin fyrir. Umsjón: Bjarni Haukur Þórsson og Sigurður Helgi Hlöðversson.
19.00 **Ekkert kjaftæði – stanslaus tónlist.**
20.00 **Kristófer Helgason.** Ný – fersk og vönduð tónlist hjá Kristó. Stjörnuspekin á sínum stað.
1.00 **Björn Sigurðsson.** Næturvakt sem segir sex. Lifandi næturvakt á Stjörnunni fyrir vinnandi fólk.

## EFF EMM 95,7

7.00 **Arnar Bjarnason.** Morgunhaninn á F.M. býður fyrirtækjum upp á brauð og kökur með kaffinu.
10.00 **Ívar Guðmundsson.** Nýtt og gamalt efni í bland við fróðleiksmola.
13.00 **Jóhann Jóhannsson.** Gæðapopp og óskalög ráða ríkjum.
16.00 **Sigurður Ragnarsson.** Hress, kátur og birtir upp skammdegið.
19.00 **Benedikt Elfar.** Með breiðan smekk þótt grannur sé.
22.00 **Ragnar Már.** „Eru menn ófúsir til að taka undir?"
1.00 **Lifandi næturvakt.**

## ÚTRÁS
FM 104,8

16.00 **FÁ.**
18.00 **MS.**
20.00 **MR.**
22.00 **FB.**
1.00 **Dagskrárlok.**

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR
FM91.7

18.00–19.00 **Í miðri viku.** Fréttir af íþrótta- og félagslífi.

## FM 90,9 AÐALSTÖÐIN

7.00 **Bjarni Dagur Jónsson,** morgunmaður Aðalstöðvarinnar. Viðtöl og fróðleikur.
9.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Fróðleikur í bland við ljúfa tónlist.
12.00 **Hádegisútvarp.** Aðalstöðvarinnar.
13.00 **Gunnlaugur Helgason.** Þægileg tónlist í dagsins önn.
16.00 **Fréttir með Eiríki Jónssyni.**
18.00 **Íslensk tónlist** að hætti Aðalstöðvarinnar.
19.00 **Anna Björk Birkisdóttir.**
22.00 **Sálartetrið.** Inger Anna Aikman.

## SKY One

5.30 **Viðskiptaþáttur.**
6.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
9.30 **Super Password.** Spurningaþáttur.
10.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
10.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
11.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
12.00 **Another World.** Framhaldsflokkur.
12.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
13.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
14.45 **Loving.**
15.15 **Young Doctors** Framhaldsflokkur.
16.00 **Poppþáttur.**
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
18.00 **The New Price is Right.** Getraunaleikur.
18.30 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
19.00 **Hey Dad.** Fræðslumyndaflokkur.
19.30 **Mr. Belvedere.** Gamanþáttur.
20.00 **Downtown.** Framhaldssería.
21.00 **Falcon Crest.** Framhaldsþáttur.
22.00 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
23.00 **Fréttir.**
23.30 **The Big Valley.** Vestrasería.
00.30 **Popptónlist.**

## SKY MOVIES

14.00 **Never Say Goodbye.**
15.00 **Do Me a Favor, Don't Vote for Mum.**
16.00 **The Year Without Santa Claus.**
18.00 **Pals.**
19.40 **Entertainment Tonight.**
22.00 **Never too Young to Die.**
23.45 **Easy Money.**
01.30 **The Hitchhiker.**
02.00 **No Safe Heaven.**
04.00 **Lucas.**

## EUROSPORT

9.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á viðburði liðinnar viku.
10.00 **Kanadíski fótboltinn.**
12.00 **Badminton.** World Cup haldið í Kína.
13.00 **Superstars of Wrestling** Fremstu wrestlingkappar í Bandaríkjunum í keppni.
14.00 **Listhlaup á skautum.** Keppni í Japan.
15.00 **Hestaíþróttir** Mót haldið í Bordeaux í Frakklandi.
16.30 **Tennis.** Keppni nokkurra fyrrverandi meistara á Spáni.
17.00 **Badminton.** World Cup haldið í Kína.
18.00 **Trans World Sport.** Fréttatengdur íþróttaþáttur.
19.00 **Handbolti.** Fjögurra landa keppni í Zagreb.
20.00 **Listhlaup á skautum.** Keppni í Japan.
21.00 **Snóker.** Rothman's Grand Prix.
22.00 **Fótbolti.** Evrópuleikir dagsins.

## SCREENSPORT

7.00 **Hnefaleikar.**
8.30 **Rugby.** Leikur í ensku deildinni.
10.00 **Ameríki fótboltinn** Leikur í atvinnumannadeildinni.
12.00 **Íþróttir á Spáni.**
12.15 **Íshokkí.** Leikur í amerísku atvinnumannadeildinni.
14.15 **Ameríski fótboltinn.** Leikur háskólaliða.
16.15 **Spánski fótboltinn.** Valencia–Barcelona.
18.00 **Hnefaleikar.**
19.30 **Ameríski fótboltinn.** Leikur vikunnar.
21.00 **Hnefaleikar.**
23.00 **Golf.** JC Penney Classic, haldið á Broadmoor í Florida. Þriðji og fjórði dagur.



**Umsjónarmenn Kviksjár, talið frá vinstri: Þorgeir Ólafsson, Hanna G. Sigurðardóttir, Viðar Eggertsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir.**

### Rás 1 kl. 19.32:

# Kviksjá

Kviksjá er þáttur um listir og menningarmál líðandi stundar. Umsjónarmenn þáttarins eru Hanna G. Sigurðardóttir, Ragnheiður Gyða Jónsdóttir, Viðar Eggertsson og Þorgeir Ólafsson. Víða er komið við í þáttunum, fimmtudagar eru yfirleitt helgaðir tónlist og tónlistarflutningi. Á föstudögum eru bíópistlar Ólafs Angantýssonar fastur liður. En þessa dagana geta menn einnig átt von á innliti á ýmsar myndlistarsýningar, umsögnum um nýútkomnar bækur – og er þá fátt eitt nefnt. Kviksjá er á dagskrá rásar eitt þriðjudaga til föstudaga.

### Sjónvarp kl. 20.40:

# Á sælkeraslóðum í París

## – þáttur Sigmars B. Haukssonar

Á árunum milli styrjaldanna leituðu listamenn og flökkusveinar af ýmsu þjóðerni til hinnar miklu „Mekka" lista og menningar, Parísar.

Borgin hafði þá, rétt eins og nú, sérstakan blæ til að bera er laðaði til sín leitandi sálir og veitti þeim þá fyllingu sem ekkert annað þéttbýli hér á jörðu gat veitt.

Margir úr þessum hópi, heimsfrægir listamenn á sínu sviði, reyndu að móta þau áhrif, sem borgin hafði, í orð og myndir, svo sem ýmis vel þekkt verk í heimi bókmennta og myndlistar bera vitni.

Hin svonefnda '68 kynslóð virtist ekki síður móttækileg fyrir Parísartöfrunum en listafólk millistríðsáranna hafði verið.

Einn skilgetinn sonur '68 kynslóðarinnar, Sigmar B. Hauksson, fór á stúfana í sumar og þræddi stigu hinna fyrri kynslóða listafólks og menningarvita, er margir hverjir voru smekkmenn á mat og drykk þeirra Fransmanna. Ásamt Sveini M. Sveinssyni kvikmyndatökumanni og Jóni Karli Helgasyni hljóðmanni lagði Sigmar leið sína um hina fyrri áningarstaði Hemingways og Joyce, ræddi við heimamenn um mat og drykk af ýmsu tagi og skoðanir og hefðir þeirra og venjur.



**Jack Killian sem leikinn er af Gary Cole ásamt vinnuveitenda sínum, Devon King, sem leikinn er af Wendy Kilbourne.**

### Stöð 2 kl. 22.00:

# Ógnir um óttubil

Sjónvarpsþættirnir um útvarpsmanninn Jack Killian njóta mikilla vinsælda hér á landi. Þessi fyrrverandi lögreglumaður, sem lenti í því óláni að drepa vin sinn fyrir slysni, fékk vinnu á útvarpsstöð þar sem hann sér um þætti um lögreglumál. Hlustendur hringja til hans í þáttinn og ræða við hann hvaðeina sem þeim finnst fara úrskeiðis í málefnum San Fracsiscoborgar. Í hverjum þætti skýtur upp svo sem einu glæpamáli sem þarf snör handtök við að leysa og Jack í samvinnu við lögreglu borgarinnar tekst yfirleitt að komast til botns í málinu.

Það verður því án efa eitthvað nýtt og spennandi mál sem Jack þarf að leysa í kvöld.